




Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Ungbarnaeildir í sjálfstætt reknum leikskólum

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. desember 2018, um ungbarnaeildir í sjálfstætt reknum leikskólum með samning við Reykjavíkurborg vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára og umsögn Samtaka sjálfstæðra skóla, dags. 10. desember 2018, um drög að samningi við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík um rekstur ungbarnaeilda:

Skóla- og frístundaráð samþykkir með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. desember 2018, að sjálfstætt reknir leikskólar í Reykjavík með samning við skóla- og frístundasvið vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára og sem eftir því óska verði heimilt að setja á fót ungbarnaeild fyrir börn frá 12 mánaða aldri. Það er forsenda að nýting á plássum samkvæmt rekstrarleyfi aukist að lágmarki sem nemur 2/3 þeirra barna sem áætluð eru á ungbarnaeildina. Tryggt verði að þrátt fyrir opnun ungbarnaeildar verði fylgt kennitöluröð við innritun með þeim hætti að elstu börn verði innrituð fyrst. Greiðslur vegna barna yngri en 18 mánaða verði með sama hætti og samkvæmt samningi skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt rekna ungbarnaleikskóla þ.e. vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða. Gerður er fyrirvari um að uppfyllt séu viðeigandi skilyrði vegna starfseminnar, svo sem gilt rekstrarleyfi og að hver og ein umsókn um opnun ungbarnaeildar og aukin framlög þarf að fara fyrir skóla- og frístundaráð og borgarráð til samþykktar.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 7. desember 2018
Umsögn Samtaka sjálfstæðra skóla, dags. 10. desember 2018



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 7. desember 2018
SFS2018110106
150. fundur
HG/img

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ungbarnadeildir í sjálfstætt reknum leikskólum með samning við Reykjavíkurborg vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára

I Forsaga málsins

Skóla- og frístundasvið hefur haft til skoðunar hvort til greina komi að sjálfstætt reknir leikskólar í Reykjavík með samning við Reykjavíkurborg um framlag vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára verði heimilað að opna ungbarnadeild í leikskólunum.

Upphaf málsins má rekja til þess að opnaðar hafa verið ungbarnadeildir við 10 leikskóla Reykjavíkurborgar auk þess sem einn rekstraraðili sjálfstætt rekens leikskóla hefur óskað eftir að bæta við ungbarnadeild.

Skóla- og frístundasvið er með tvær tegundir af samningum við sjálfstætt rekna leikskóla í Reykjavík. Annars vegar er um að ræða samning við leikskóla um inntöku barna frá 18 mánaða til 6 ára. Greitt er rekstrarframlag sem byggt er á fjárhagsáætlun borgarrekinnna leikskóla að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekinnna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla. Til frádráttar kemur mánaðarleg hámarksgreiðsla foreldra skv. gjaldskrá við leikskóla borgarinnar margfölduð með 1,15 vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Hafi leikskólar sem starfa samkvæmt þessum samningi tekið inn yngri börn er 18 mánaða hefur greiðsla vegna þeirra verið samsvarandi greiðslum vegna barna hjá dagforeldrum. Fjöldi sjálfstætt rekinna leikskóla með samning vegna barna á þessum aldri er þrettán auk þess sem tveir sjálfstætt reknir grunnskólar eru með leikskóladeildir fyrir fimm ára börn.

Hins vegar er um að ræða samninga við ungbarnaleikskóla sem innrita börn frá 6/9 mánaða aldri. Greitt er sama framlag og til leikskóla með samning vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára nema að til frádráttar kemur mánaðarleg hámarksgreiðsla foreldra skv. gjaldskrá við leikskóla borgarinnar margfölduð með 2,15. Fjórir sjálfstætt reknir leikskólar eru með samning vegna barna á þessum aldri.

Reykjavíkurborg hefur opnað ungbarnadeildir við 10 leikskóla borgarinnar. Viðmið um hvenær börn fá boð um leikskóladvöl hefur verið lækkað úr tveggja ára í 18 mánuði og tekist

hefur að innrita yngri börn en framangreint viðmið kveður á um. Fækkun eldri barna á leikskólaaldri hefur gefið aukið svigrúm til að innrita yngri börn í þá leikskóla þar sem rými hefur skapast.

II Tillaga varðandi fyrirkomulag

Með vísan til þess sem að framan er rakið er lagt til að sjálfstætt reknum leikskólum í Reykjavík með samning við Reykjavíkurborg vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára og sem eftir því óska verði heimilað að setja á fót ungbarnadeild fyrir börn frá 12 mánaða aldri.

Gerður er fyrirvari um að uppfyllt séu viðeigandi skilyrði vegna starfseminnar, svo sem að fyrir liggja rekstrarleyfi í samræmi við starfsemina og að hver og ein umsókn um opnun ungbarnadeildar og aukin framlög þarf að fara fyrir skóla- og frístundaráð og borgarráð til samþykktar.

Það er forsenda að nýting á plássum samkvæmt rekstrarleyfi aukist að lágmarki sem nemur 2/3 þeirra barna sem áætluð eru á ungbarnadeildina. Tryggt verði að þrátt fyrir opnun ungbarnadeildar verði fylgt kennitöluröð við innritun með þeim hætti að elstu börn verði innrituð fyrst. Greiðslur vegna barna yngri en 18 mánaða verði með sama hætti og samkvæmt samningi skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt rekna ungbarnaleikskóla.

Innritun í ungbarnadeildir fer eftir sömu reglum og ef um borgarrekna leikskóla er að ræða en þar gildir m.a.:

„Börn, sem hefja dvöl á ungbarnadeildum, geta hafið leikskóladvöl allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau flytjist á deild fyrir eldri börn innan sama leikskóla um þriggja ára aldur. Börn innritast á ungbarnadeildir eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmið deildarinnar“.

Samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar við sjálfstætt rekna leikskóla skulu þeir taka mið af innritunarreglum Reykjavíkurborgar eins og fram kemur í reglum skóla- og frístundasvið um leikskólaþjónustu. Þeir eru einnig skuldbundnir til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

Til framtíðar litið verður tekið til skoðunar hvort gerðar verði breytingar á framlögum til sjálfstætt rekinna leikskóla með samning um framlag vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða hvað þetta varðar.

III Fjárhagsleg áhrif

Meðfylgjandi er yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða en þar eru upplýsingar fjárhæð framlags með hverju reykvísku barni.

Ekki liggur fyrir hvort eða í hvaða mæli umsóknir munu berast um breytingar á rekstri og því ekki unnt að áætla kostnað. Gert er ráð fyrir auknu fjármagni í fjárhagsáætlun Reykjavíkur vegna ársins 2019 vegna fjölgunar leikskólarýma vegna yngstu barnanna.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2018

Efni: Umsögn um drög að samningi við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík um rekstur ungbarnadeildar

SSSK-Samtök sjálfstæðra skóla vísa til erindis skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 6. desember sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um drög að tillögu að samningi borgarinnar við sjálfstætt starfandi leikskóla um að setja á fót ungbarnadeild fyrir börn frá 12 mánaða aldri.

Samtökin hafa kynnt sér fyrirbyggjandi erindi og vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum hvað það varðar. Sá fyrirvari er þó settur á eftirfarandi umsögn að í fyrirbyggjandi erindi borgarinnar er einungis gerð grein fyrir tillögum að samningi um rekstur ungbarnadeildar en hins vegar liggja ekki fyrir drög að slíkum samningi og því ekki ljóst hvernig endanleg útfærsla hans mun verða. Í ljósi þessa grundvallast eftirfarandi athugasemdir eingöngu og alfarið á þeim tillögum sem fyrir liggja í umræddu erindi.

Samtökin byrja á því að fagna þeim vilja Reykjavíkurborgar að ganga til samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík í máli þessu. Samtökin hafa kynnt sér fyrirbyggjandi tillögur og telja að þær tillögur séu að mestu -leyti í samræmi við fyrri samskipti aðila hvað þetta mál varðar.

Hins vegar telja samtökin ástæðu til að gera athugasemdir við þá tillögu sem gerð er hvað varðar innritun ungbarna í leikskóla þar sem segir eftirfarandi: „*Þeir eru einnig skuldbundnir til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvisk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.*“ Hvað þetta varðar benda samtökin á að sambærilegar kröfur eru ekki gerðar til leikskólanna í núgildandi samningi um rekstur þeirra og því um að ræða nýmæli frá því sem þar gildir. Þar að auki hafi borgin vikið frá þessum kröfum í þeim samningum, eða nánar tiltekið dregið tilbaka þá tilætlan í samráði við leikskóla.

Að mati skólanna kann það að orka tvímælis að veittur sé aðgangur að upplýsingum um börn og foreldra þeirra án þess að þessir aðilar hafi fengið inngöngu inn í viðkomandi ungbarnaleikskóla og því ekki um að ræða skráða aðila í starfsemi skólanna, og þ.a.l. ekki undir eftirliti borgarinnar er varðar eftirfylgni með þeim samningum.

Telji Reykjavíkurborg þörf á upplýsingum um fjölda ungbarna á biðlistum leikskólanna þá er ekkert því til fyrirstöðu að veita upplýsingar um fjölda barna og aldur án þess þó að veita persónugreinarlegar upplýsingar um bæði börn og foreldra á biðlistum. Ítrekast að umsækjendur á biðlista eru strangt tiltekið ekki skráð börn í viðkomandi ungbarnadeild og því eru leikskólarnir ekki í þeirri aðstöðu að miðla persónugreinalegum upplýsingum um þau börn eða foreldra til borgarinnar.

Samtökin gera að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi drög að tillögu um að leikskólum verði heimilað að setja á fót ungbarnadeild fyrir börn frá 12 mánaða aldri. Samtökin

áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Virðingafyllt

f. h. Samtaka sjálfstæðra skóla

Sara Dögg Svanhildardóttir

formaður